

HS Veitur hf.
Samandreginn árshlutareikningur
30. júní 2012

HS Veitur hf.
Brekkestíg 36
260 Reykjanesbær

Kt. 431208-0590

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstremisýfirlit	8
Skýringar	9-13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Félagið var stofnað 1. desember 2008 en starfsemi þess hófst 1. janúar 2009 í kjölfar skiptingar á Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf.

Samandreginn árslutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 34 um árslutareikninga eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins 2.394 millj. kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2012 og hagnaður tímabilsins var 187 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 16.930 millj. kr. í lok júní 2012 (í árslok 2011: 16.590 millj. kr.). Eigið fé nam 8.677 millj. kr. í lok júní 2012 (í árslok 2011: 8.790 millj. kr.) eða 51,3% af heildarfjármagni (í árslok 2011: 53,0%).

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjórnar er samandreginn árslutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 34 um árslutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2012 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2012.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að árslutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. hafa í dag rætt árslutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 24. ágúst 2012

Stjórn:

Böðvar Jónsson, stjórnarformaður
Magnea Guðmundsdóttir, ritari
Eydís M. Jónsdóttir
Elín Smáradóttir

Árni Sigfússon, varaformaður
Friðjón Einarsson
Eyjólfur Sæmundsson

Forstjóri:

Júlíus Jónsson

Aðstoðarforstjóri:

Albert Albertsson

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar HS Veitna hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árslutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árslutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum*. Könnun árslutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árslutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2012 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árslutareikninga eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 24. ágúst 2012

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

Yfirlit um heildarafkomu 1.janúar til 30.júní 2012

	Skýr.	2012 Jan-júní	2011 Jan-júní
Rekstrartekjur		2.393.691	2.265.510
Kostnaðarverð sölu	(1.589.489)	(1.524.243)
Vergur hagnaður		804.202	741.267
Annar rekstrarkostnaður	(251.668)	(255.638)
Rekstrarhagnaður		552.534	485.629
Fjármunatekjur		24.529	19.253
Fjármagnsgjöld	(373.801)	(369.575)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	6 (349.272)	(350.322)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		203.262	135.307
Tekjuskattur	(15.822)	(11.311)
Heildarhagnaður tímabils		<u>187.440</u>	<u>123.996</u>
Hagnaður (tap) á hlut:			
Grunnhagnaður (tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut		0,14	0,09

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársþlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2012

	Skýr.	30.06.2012	31.12.2011
Eignir			
Rekstrarfjármunir		14.649.251	14.728.889
Óefnislegar eignir		521.474	529.752
Eignarhlutir í félögum		9.943	9.943
Fastafjármunir samtals		<u>15.180.668</u>	<u>15.268.584</u>
Rekstrarvörubirgðir		228.928	215.866
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		682.665	648.232
Handbært fé		837.244	457.077
Veltufjármunir samtals		<u>1.748.837</u>	<u>1.321.175</u>
Eignir samtals		<u><u>16.929.505</u></u>	<u><u>16.589.759</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.336.429	1.336.429
Lögbundinn varasjóður		334.107	334.107
Óráðstafað eigið fé		7.006.656	7.119.215
Eigið fé samtals		<u>8.677.192</u>	<u>8.789.751</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	7	6.008.613	5.799.736
Tekjuskattskuldbinding		796.261	780.439
Fyrirfram innheimtar tekjur		543.815	558.309
Lífeyrisskuldbinding	8	275.215	200.926
Langtímaskuldir samtals		<u>7.623.904</u>	<u>7.339.410</u>
Vaxtaberandi skuldir	7	6.884	35.330
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímask.		550.948	357.054
Fyrirfram innheimtar tekjur		70.577	68.214
Skammtímaskuldir samtals		<u>628.409</u>	<u>460.598</u>
Skuldir samtals		<u>8.252.313</u>	<u>7.800.008</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>16.929.505</u></u>	<u><u>16.589.759</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árslutareikningsins

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2012

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
1. janúar - 30. júní 2011				
Eigið fé 1. janúar 2011	1.336.429	334.107	7.098.786	8.769.322
Greiddur arður á tímabilinu			(250.000)	(250.000)
Heildarafkoma tímabilsins			123.996	123.996
Eigið fé 30. júní 2011	<u>1.336.429</u>	<u>334.107</u>	<u>6.972.782</u>	<u>8.643.318</u>
1. janúar - 30. júní 2012				
Eigið fé 1. janúar 2012	1.336.429	334.107	7.119.215	8.789.751
Greiddur arður á tímabilinu			(300.000)	(300.000)
Heildarafkoma tímabilsins			187.440	187.440
Eigið fé 30. júní 2012	<u>1.336.429</u>	<u>334.107</u>	<u>7.006.655</u>	<u>8.677.191</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árslutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2012

	2012	2011
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	187.440	123.996
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	74.289	63.441
Afskriftir	257.619	253.343
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna	(4.520)	(1.191)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	349.272	350.322
Tekjuskattur	15.822	11.311
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta	879.922	801.222
Rekstrarvörubirgðir, (hækkun) lækkun	(13.062)	(18.266)
Skammtímakröfur, (hækkun)/lækkun	(34.433)	113.677
Skammtímaskuldir, hækkun/(lækkun)	32.300	(6.359)
Fyrirfram innheimtar tekjur, (lækkun)	(12.131)	(15.222)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta	852.596	875.052
 Innheimtar vaxtatekjur	 24.529	 19.253
Greidd vaxtagjöld	(1.141)	(6.348)
Handbært fé frá rekstri	875.984	887.957
 Fjárfesting í rekstrarfjármunum	 (170.560)	 (235.888)
Seldir fastafjármunir	5.378	1.832
Lækkun á hlutafé í öðrum félögum	0	1.894
Fjárfestingarhreyfingar	(165.182)	(232.162)
 Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(300.000)	(250.000)
Afborganir langtímalána	(30.635)	(28.203)
Fjármögnunarhreyfingar	(330.635)	(278.203)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	380.167	377.592
 Handbært fé í ársbyrjun	 457.077	 186.377
Handbært fé í lok tímabils	837.244	563.969

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

HS Veitur hf. er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur HS Veitna hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2011.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 24. ágúst 2012.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2011. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.hsveitur.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að eignarhlutir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

a. Tekjur

Rekstrartekjur

Tekjur af sölu á raforku og vatni ásamt orkuflutningi eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð út frá fyrri reynslu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu á vöru eða þjónustu.

Tekjurammi

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu, afskrift rekstrarfjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 4,15% arðsemi eigin fjár, fyrir vexti og skatta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkudreifingu á dreifiveitusvæði félagsins.

Tengigjöld

Við tengingu á nýjum húsum við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra flutningskerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld eru tekjufærð á 15 ára afskriftartíma flutningskerfanna. Tengigjöld sem ekki hafa verið tekjufærð eru færð sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningnum.

b. Rekstrarleigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

c. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gagnvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Skýringar, frh.:

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Tekjuskattur

Tekjuskattur tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

e. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

f. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti innan félagsins. Við rekstrarlegar ákvarðanir byggja stjórnendur félagsins eftir því sem við á á tiltækum fjárhagslegum upplýsingum um starfspætti og leggja mat á afkomu einstakra starfspátta.

Afkoma starfspátta innifelur bæði tekjur og gjöld sem tengjast beint viðkomandi starfspætti sem og tekjur og gjöld sem hægt er með skynsamlegum hætti að úthluta á starfspætti. Ákveðnum liðum er ekki úthlutað á einstaka starfspætti. Er þar einkum um að ræða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, tekjur og gjöld af eignarhlutum og tekjuskatt.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Skýringar, frh.

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2012	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	1.226.421	814.751	263.757	88.762	2.393.691
Rekstrarafkoma starfspátta	277.285	149.305	111.767	14.177	552.534
Óskiptir liðir					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(349.272)
Tekjuskattur				(15.822)
Tap tímabilsins					187.440
Eignir starfspátta	9.439.470	3.344.004	2.272.171	115.080	15.170.725
Óskiptar eignir					1.758.780
Eignir samtals					16.929.505
Fjárfestingar	110.046	38.565	21.623		170.234
Afskriftir	162.687	50.727	42.863	1.342	257.619
Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2011					
Rekstrartekjur samtals	1.191.034	761.688	222.813	89.975	2.265.510
Rekstrarafkoma starfspátta	282.109	135.029	65.815	2.676	485.629
Óskiptir liðir					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(350.322)
Tekjuskattur				(11.311)
Hagnaður tímabilsins					123.996
Eignir starfspátta	9.529.895	3.335.233	2.323.368	121.240	15.309.736
Óskiptar eignir					1.515.666
Eignir samtals					16.825.402
Fjárfestingar	202.204	28.945	4.711	28	235.888
Afskriftir	159.926	49.561	42.507	1.349	253.343

0

0

0

Skýringar, frh.:

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2012	2011
	1.1.- 30.6.	1.1.- 30.6.
Vaxtatekjur	24.529	19.253
Fjármunatekjur samtals	24.529	19.253
Vaxtagjöld og verðbætur	373.661	369.479
Gengistap	140	96
Fjármagnsgjöld samtals	373.801	369.575
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(349.272)	(350.322)

7. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðaverði, greinast þannig:

	30.6.2012	31.12.2011
Langtímaskuldir		
Óveðtryggð bankalán	6.884	36.690
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum	6.008.613	5.798.376
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(5.477)	(35.330)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	6.010.020	5.799.736
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborgun langtímaskulda	5.477	35.330
Vaxtaberandi skuldir samtals	6.015.497	5.835.066

Skilmálar vaxtaberandi skulda

	Lokagjaldlagi	30.6.2012		31.12.2011	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir í ISK ...	2012-2018	5,3%	6.015.497	5,3%	5.835.066
Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:					
Afborganir 1.7.2012-30.6.2012/2012				5.477	35.330
Afborganir 1.7.2013-30.6.2014/2013				1.407	1.360
Afborganir 1.7.2018-30.6.2019/2018				6.008.613	5.798.376
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun				6.015.497	5.835.066

8. Lífeyrisskuldbinding

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf. samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Félagið tekur þátt í kostnaði vegna hækkana á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. og nam hlutdeild þess á tímabiliinu 74,3 millj. kr. og er færð sem langtímaskuld við HS Orku hf. Hlutdeild félagsins í hækkunum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. er greidd með álagi á keypta þjónustu af HS Orku hf.

9. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar áætlunin var birt. Er félagið því ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 9.449 millj. kr. þann 30.06.2012. Um er að ræða hámarks skuldbindingu og útreikningur á mögulegri lækkun skuldbindingar hefur ekki farið fram.

10. Kennitölur

	30.6.2012	31.12.2011
Veltufjórhlutfall	2,78	2,87
Eiginfjórhlutfall	51,3%	53,0%